

Ed.

111. Frumvarp til laga

[97. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Ódýrir, fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fé, svo sem stúdentafélagsfyrirlestrar.
- b. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra, en sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki.
- c. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
- d. Leiksýningar Þjóðleikhússins.
- e. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

Heimilt skal ráðherra að undanþiggja skemmtanaskatti, að nokkru eða öllu leyti, skemmtanir, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerða-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Einnig skal ráðherra heimilt að láta haldast, að nokkru eða öllu leyti, undanþágur þær, sem Sáttmálasjóður og Tónlistarskólinn í Reykjavík hafa notið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæðin um undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts eru í 3. gr. laga nr. 56 frá 1927. Meðal þeirra er ákvæði b-liðs greinarinnar þess efnis, að undanþegnar skattinum séu skemmtanir „til styrktar málefna, er miða að almenningsheill“. Eru skoðanir manna að sjálfsgöðu mjög skiptar um það, hvað miði að almenningsheill, og getur þess vegna verið mjög erfitt að skera úr um skattskylduna í einstökum tilfellum svo öruggt sé. Erú svo óljós ákvæði ekki heppileg, og er frumvarp þetta flutt til þess að gera undanþáguákvæðin skýrari.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

a-liður 1. gr. er samhljóða a-lið 3. gr. núgildandi laga. b-liður 1. gr. samsvarar c-lið sömu greinar. c-liður er samhljóða d-lið sömu greinar að öðru leyti en því, að undanþágan er ekki bundin við skólahúsin, heldur umsjá skólastjórnar, sem þykir sanngjarnara. d- og e-liður eru efnislega í samræmi við framkvæmd núgildandi laga.

2. og 3. mgr. 1. gr. koma í stað b-liðs 3. gr. núgildandi laga. Þar er í fyrsta lagi gerð sú breyting, að undanþágan er ekki lögskipuð heldur lögð á vald ráðherra, sem getur ákveðið, hvort skemmtun skuli undanþegin skatti að öllu leyti eða nokkru. Er í sumum tilfellum ástæða til að undanþiggja aðeins skatti þann hluta aðgangseyrisins, sem raunverulega rennur til styrktar þeim málefnum, sem skattfrelsið er miðað við, enda er í því fólgin veruleg hvatning fyrir þá, sem halda skemmtanir til ágóða fyrir góð málefni, til að halda þær með sem minnstum kostnaði og láta sér ekki nægja ágóða, er svari rúmlega eða naumlega þeim skatti, er greiða hefði átt af skemmtunum, hefðu þær verið skattskyldar, en slíkt er nú ekki orðið ótítt. Í öðru lagi er fellt niður ákvæðið um almenningsheill, en undanþágan í þess stað bundin við nokkur tiltekin málefni, sem notið hafa skattfrelsis að nokkru eða öllu leyti undanfarið. Falla undir ákvæði þessi flestar þær skemmtanir, sem að undanfögnu hafa notið skattfrelsis samkvæmt b-lið 13. gr. núgildandi laga.